

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 152/2017

2019/EES/52/03

frá 22. september 2017

um breytingu á I. viðauka við EES-samninginn (Heilbrigði dýra og plantna)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/223 frá 7. febrúar 2017 um leyfi fyrir rannsóknarstofu í Brasilíu til að framkvæma sermiprófanir til að vakta skilvirkni bóluefna við hundaeði í hundum, köttum og frettum ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/252 frá 9. febrúar 2017 um breytingu á II. viðauka við ákvörðun 93/52/EBE að því er varðar viðurkenningu á að sjálfstjórnarhéraðið Extremadura sé opinberlega laus við öldusótt (*B. Melitensis*) og um breytingu á viðaukunum við ákvörðun 2003/467/EB að því er varðar yfirlýsingu um að tiltekin svæði á Spáni séu opinberlega laus við berkla og opinberlega laus við öldusótt í tengslum við nautgripahjarðir og að Jersey sé opinberlega laus við smitandi hvítblæði í nautgripum ⁽²⁾.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um lifandi dýr önnur en fisk og eldisdýr. Ísland er undanþegið löggjöf á þessu sviði eins og fram kemur í 2. mgr. inngangsorða I. kafla I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Íslands.
- 4) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.
- 5) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

I. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á I. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við 14. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/52/EBE) og 70. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/467/EB) í hluta 4.2:

„– **32017 D 0252:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/252 frá 9. febrúar 2017 (Stjútíð. ESB L 37, 14.2.2017, bls. 19).“

2. Eftirfarandi lið er bætt við á eftir 103. lið (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/9) í hluta 4.2:

„104. **32017 D 0223:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/223 frá 7. febrúar 2017 um leyfi fyrir rannsóknarstofu í Brasilíu til að framkvæma sermiprófanir til að vakta skilvirkni bóluefna við hundaeði í hundum, köttum og frettum (Stjútíð. ESB L 34, 9.2.2017, bls. 34).

Ákvæði þessarar gerðar taka ekki til Íslands.“

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 34, 9.2.2017, bls. 34.

⁽²⁾ Stjútíð. ESB L 37, 14.2.2017, bls. 19.

2. gr.

Norskur texti framkvæmdarákvarðana (ESB) nr. 2017/223 og (ESB) nr. 2017/252, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 23. september 2017, að því tilskildu að allar tilkynningar skv. 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 22. september 2017.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Sabine Monauni

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.